

Múlaping  
Sóley Valdimarsdóttir, ritari á umhverfis- og framkvæmdasviði  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 20. maí 2022  
Tilvísun: 202111044 / 3.2

---

## Efni: Vinnslutillaga fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna íþróttasvæðis, hverfisverndar og göngustígs, Egilsstöðum og Fellabæ

---

Múlaping hefur, með erindi dags. 6. maí 2022, sent Skipulagsstofnun til umsagnar vinnslutillögu að breytingu á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Vinnslutillagan er sett fram í greinargerð dags. 3. maí 2022 með þéttbýlisuppdrætti í mkv. 1:10.000 og sveitarfélagsuppdrætti í mkv. 1:30.000.

Í breytingartillögunni felst afmörkun svæðis til uppbyggingar íþróttar- og útivistaraðstöðu fyrir grunnskóla, menntaskóla, íþróttamiðstöð og hjúkrunarheimili bæjarins (Dyngju). Opið svæði O1 og hluti svæðis fyrir þjónustustofnanir T1 breytast í opið svæði O4 (íþróttasvæði á Egilsstöðum). Settir eru skilmálar um hverfisvernd H11 umhverfis Gálgaklett suðaustan við íþróttasvæði. Þá er skilgreind gönguleið frá Fellabæ að baðstaðnum Vök við Urriðavatn til þess að tengja vinsælan áfangastað í dreifbýlinu við þéttbýlið.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur vinnslutillöguna vel unna en bendir á eftirfarandi atriði:

### Viðfangsefni

Stofnunin telur tillöguna vel rökstudda m.t.t. áherslna úr landsskipulagsstefnu um gæði byggðar og bæjarrýma og samgöngur í þéttbýli. Íþróttasvæðið hvetur til útiveru og hreyfingar, göngustígur að baðstaðnum Vök styður við náttúruupplifun og göngu- og hjólavænt umhverfi og hverfisvernd Gálgakletts stuðlar að því að menningararfur sé nýttur til að styrkja sérkenni og staðaranda. Skipulagsstofnun mælir með að breyting á deiliskipulagi/nýtt deiliskipulag fyrir norðvestursvæði Egilsstaða verði unnið og auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi.

### Mat á áhrifum tillögunnar

Ástæða er til að ítreka það sem kom fram í umsögn Skipulagsstofnunar við lýsingu um að gerð verði grein fyrir mótvægisáðgerðum til að draga úr líklegum neikvæðum umhverfisáhrifum, svo sem á nærumhverfi íbúa m.t.t. umferðar, hugsanlegrar flóðlýsingar og aðgengis að opnu svæði. Stofnunin óskar eftir að horft verði til þessa í mati á áhrifum á samfélag, landslag og ásýnd.

Enn kemur fram að tillagan falli ekki undir ný lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Bent er á að allar skipulagsáætlanir og breytingar á þeim, að undanskildum óverulegum breytingum á skipulagi, falla undir gildissvið nýju laganna, sbr. 2. gr., jafnvel þótt breytingin feli ekki í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

### Önnur atriði

Láðst hefur að taka fram stærð skipulagssvæðis og þeirra reita sem breytingin nær til en það þarf að koma fram í tillögunni. Þá minnir Skipulagsstofnun á að aðalskipulagstillöguna skal senda til athugunar stofnunarinnar fyrir auglýsingu.



Sigurjón Jóhannsson